

**Trío Nordica** er stofnað árið 1993. Tríóið hefur leikið í Bandaríkjunum og víðs vegar um Evrópu við frábærar undirtektir, þar á meðal í Skandinavíu, Englandi, Frakklandi, Ítalíu og á Íslandi.

Auk ýmissa meistaraverka stóru tónskáldanna hefur tríóið lagt metnað sinn í að flytja íslensk tónverk. Einnig hefur Trio Nordica lagt sérstaka áherslu á efnisskrá þar sem eingöngu eru flutt verk eftir konur.

Trio Nordica er í samstarfi við EPOS strengjakvartettinn og eru á döfnni sameiginlegir tónleikar. Framundan eru upptökur á nýjum geisladisk og tónleikahald héraendis og erlendis.

# Sumartónleikar

## í

# Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

## Trio Nordica

Auður Hafsteinsdóttir fiðla  
Bryndís Halla Gylfadóttir selló  
Mona Sandström píanó

**NETÚTGÁFA**

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum  
The cafeteria is open after the concert*

Þriðjudaginn 3. september 2002 kl. 20:30

**Sergei Rachmaninoff** skrifaði tríóið í g moll á aðeins fjórum dögum í janúar árið 1892 og lék sjálfur á píanóið þegar verkið var frumflutt í sama mánuði. Lítið er af dýnamískum merkingum í handriti verksins, líklega vegna þess að Rachmaninoff ætlaði ekki að láta gefa verkið út. Telja sumir að þetta píanótrío, sem er einn kafli í sönötuformi, hafi verið nokkurs konar undirbúningur fyrir hið mikla op. 9 tríó, sem samið var í minningu Tchaikovsky. Þrátt fyrir að verkið sé almennt ekki talið í hópi bestu verka tónskáldsins hefur það notið töluverðra vinsælda og er gjarnan leikið á kammertónleikum víða um heim.

**Haukur Tómasson** lauk meistaraþrófi frá Kaliforníuháskóla í San Diego 1990 og hefur síðan unnið að tónsmíðum og kennslu. Meðal helstu verka hans eru hljómsveitarverkin *Strati* og *Storka* og einleikskonsertar fyrir flautu og fiðlu. Haukur hefur hlotið ýmsar viðurkenningar, svo sem tvívegis verðlaun í tónverkasamkeppni RÚV, annars vegar fyrir hljómsveitarverkið *Strati*, og hins vegar fyrir *Sögu* fyrir kammersveit. Þá hlaut hann *Bjartsýnisverðlaun Bröste* 1996 og *Menningarverðlaun DV* fyrir tónlist 1998. *Trío fyrir fiðlu, selló og píanó* er samið árið 1997 að beiðni Trio Nordica.

**Johannes Brahms** samdi C dúr tríóið árið 1882. Í bréfi til útgefanda síns segir hann: „Þér hafið enn ekki fengið frá mér jafn fallett tríó, og hafið líklegast ekki gefið út annað sem jafnast á við þetta á síðustu tíu árum“. Upphaf fyrsta kaflans, sem er í sönötuformi, endurspeglar listfengi Brahms, þar sem samspil strengja og píanós myndar þetta og áhrifamikla heild. Andante kaflinn er stef og fimm tilbrigði þar sem Brahmsísk sígaunastemning ríkir. Scherzo kaflinn, sem er í c moll, þýtur léttilega áfram, og heldur hlustandanum föngnum með dulúð sinni og óvæntum stefnum. Finale kaflinn er í sönötuformi. Þar stillir Brahms strengjahljóðfærunum upp sem einni heild á móti píanóinu, nokkuð sem einkennir verk hans fyrir þessa samsetningu hljóðfæra. Spennan eykst jafnt og er eins og mikill fögnuður brjótist út í lok verksins.

## Efnisskrá

|                                |   |
|--------------------------------|---|
| S. Rachmaninoff<br>1873 – 1943 | Píanótrío<br>Trio Elegiaque í g moll  |
| Haukur Tómasson<br>f. 1960     | Trío fyrir fiðlu, selló og píanó<br><i>frumflutningur</i>   |
| J. Brahms<br>1833 – 1897       | Píanótrío í C dúr op. 87<br>Allegro<br>Andante con moto<br>Scherzo, presto<br>Finale, allegro giocoso |

**NETÚTGÁFA**

*Hljóðfæraverslun Leifs Magnússonar styrkir þessa tónleika*